

9. september 2016
1609092


Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra
Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Arnarhvoli við Lindargötu
150 Reykjavík

Efni: Greinargerð til ríkisstjórnar um verðbólgu undir fráviksmörkum

Meðfylgjandi er greinargerð til ríkisstjórnarinnar um verðbólgu undir fráviksmörkum. Hún er send í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands frá 27. mars 2001. Þar er kveðið á um að mælist verðbólga undir 1% eða yfir 4% skuli Seðlabanki Íslands senda ríkisstjórninni sérstaka greinargerð. Samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands, sem birt var 26. ágúst sl., var tólf mánaða verðbólga miðað við vísitölu neysluverðs 0,9% í ágúst 2016.

Ofangreind mörk fela ekki í sér aðra formlega kvöð af hálfu Seðlabankans en að senda frá sér greinargerð þar sem gera skal grein fyrir ástæðum fráviks frá 2½% verðból gumarkmiði, hve lengi bankinn áætli að frávikkið vari og eftir atvikum hvort hann telji ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða af þeim sökum. Frá febrúar 2009 hafa ákvarðanir um beitingu helstu stjórnækja Seðlabankans á sviði peningamála verið í höndum fimm manna peningastefnunefndar, þar sem sitja tveir ytri meðlimir auk seðlabankastjóra, aðstoðarseðlabankastjóra og yfirmanns í bankanum á sviði peningamála. Viðbrögð við rofum á fráviksmörkunum eru því á forræði nefndarinnar. Meðfylgjandi greinargerð er í samræmi við hina sameiginlegu yfirlýsingu á ábyrgð Seðlabankans en samráð var haft við peningastefnunefndarmenn um efni hennar. Þetta bréf ásamt meðfylgjandi greinargerð verður birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands strax eftir helgi.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Már Guðmundsson seðlabankastjóri

Meðfylgjandi:

Greinargerð til ríkisstjórnar um verðbólgu undir fráviksmörkum.

Samrit:

Forsætisráðherra